



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2016

FRVG1VÖ05

Framkvæmdir og vinnuvernd

| | | | | |
|-----------------|-------------------------|---------------------|---------------|------------|
| Kennari: | Óskar G. Jónsson | oskar@fsu.is | Sk.st. | ÓGJ |
|-----------------|-------------------------|---------------------|---------------|------------|

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um bygginga- og mannvirkjagerð með áherslu á verkferli og öryggismál. Nemendur læra um undirbúning og upphaf framkvæmda, hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta, skipulag og stjórnun á vinnustað, samstarf og samskipti, áætlanagerð og gæðastýringarkerfi. Nemendur læra að nota skipulags- og byggingareglugerðina. Kennnd er skyndihjálp, rétt líkamsbeiting, notkun hlífðarbúnaðar, meðferð hættulegra efna, umgengni við rafmagn og farið yfir notkun hjálpartækja og búnaðar við mismunandi verk. Að lokum er gerð grein fyrir námsleiðum í bygginga- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi. Kennsla fer aðallega fram með fyrirlestrum og verkefnavinnu en í skyndihjálp er jafnframt lögð áhersla á sýnikennslu og verklegar æfingar. Gjarnan er stefnt að heimsókn til slökkviðliðsins.

Undanfari:

Þekkingarviðmið:

Þekkingarviðmið áfangans er að nemendur hafi aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hefðbundnu byggingarferli frá hugmynd til lokaúttektar
- grundvallaratriðum laga og reglugerða um skipulags- og byggingamál
- hlutverki og ábyrgð eiganda mannvirkis
- hlutverki, starfssviði og ábyrgð byggingarfulltrúa og leyfisveitanda
- hlutverki hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara
- öryggismálum á vinnustað
- aðbúnaðai, hollustuháttum og vinnuvernd
- orsökum og afleiðingum algengra vinnuslysa
- skyndihjálp
- grunnatriðum gæðastjórnunar og verkskipulags

Leikniviðmið:

Leikniviðmið áfangans er að nemendur hafi öðlast leikni í að:

- Skynja stöðu öryggismála á vinnusað
- Nýta sér viðeigandi hlífðarbúnað í starfi
- Nýta sér hjálpartæki svo sem eins og vinnupalla, stiga og öryggislínu.
- Nýta sér byggingarreglugerðina
- Nýta sér vefsíðu Mannvirkjastofnunar
- Nýta sér vefsíðu Vinnueftirlitsins
- Skipuleggja mismunandi verkþætti
- Skipuleggja verkferla

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- takast á við hin fjölbreyttu verkefni er kunna að myndast á vinnustað
- þekkja verkferla við mannvirkjagerð
- koma upp nauðsynlegum öryggisbúnaði á vinnustað
- nýta sér 112
- veita slösuðum eða veikum einstaklingi fyrstu hjálp á vettvangi
- þekkja og kunna að nota byggingareglugerðina
- þekkja og kunna að nota möguleika Vinnueftirlitsins
- skipuleggja mismunandi verkþætti á vinnustað
- þekkja hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta
- átta sig á hinum margvíslegu leiðum til iðnnáms

Námsefni:

Í upphafi annar verður stuðst við göng frá Mannvirkjastofnun og Vinnueftirliti, eins og byggingareglugerð, kynningarefni og fleira sem nemendur geta sótt gegnum netið. Síðar verður gerð grein fyrir námsefni er nemendur þurfa að fjárfesa í varðandi skyndihjálparnámskeið.

Fyrirkomulag námsmats:

| Námsþáttur | Lýsing á námsmati | Vægi |
|-------------------|---|------|
| Byggingareglugerð | Fimm stutt verkefni sem nemendur þurfa að leysa í kennslutíma, verkefni tengd byggingareglugerðinni | 30 % |
| Öryggismál | Tvö verkefni tengd vinnueftirliti, aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað. | 15 % |
| Skyndihjálp | Skyndihjálparnámskeið | 10 % |
| Þátttaka í tímum | Námsmat byggt á þátttöku nemenda í tímum | 15 % |
| Yfirlit | Próf unnið út frá verkefnum annarinnar | 30 % |

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar og geta einstaka þættir færst til.

| Vika | Kennsluefni | Könnun – verkefni |
|----------------|--|-------------------|
| 17-19 ágúst | Kynning á verkefni vetrarins, kynning á okkur, kennara og nemendum. Lagt af stað | |
| 22 – 26 ágúst | Farið aðeins yfir húsbyggingar og mannvirki á Íslandi, hvað þarf til að byggja hús, hverjir koma að byggingu mannvirkja, helstu lög og reglugerðir, stjórnvöld skipulags- og byggingarmála. Lagt af stað með byggingareglugerðina. | |
| 29 – 02 sept. | Byggingreglugerðin kafli 1 – 2 - 3 | |
| 05 – 09 sept | Byggingreglugerðin kafli 3 – 4 - 5 | |
| 12 – 16 sept | Byggingreglugerðin kafli 6 | |
| 19 – 23 sept. | Byggingareglugerðin kafli 7 – 8-9-10-11-12 upprifjun | |
| 26 – 30 sept. | Byggingareglugerð 13-14-15-16-17 upprifjun | |
| 03 – 14 okt. | Flett yfir skipulagsreglugerð – hugsanlega verður þessi hluti tekinn fyrr og flyst þá verkefnalistinn til sem þessum hluta nemur | |
| 17 til 21 okt. | Aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað | |

| | | |
|-------------------|---|--|
| 24 – 28 okt. | Vinnueftirlitið – hlutverk- farið yfir slysatölur – teknir fyrir einstakir öryggisþættir | |
| 31 – 04 nóv. | Farið yfir byggingu verkpalla – vinnupalla- áfram fjallað um öryggismál | |
| 07 til 11 nóv. | Skyndihjálp – grunnnámskeið verður væntanlega tekið í nóvember og getur tekið hluta úr þrem vikum | |
| 14 til 18 nóv. | Farið yfir ráðningasamninga starfsfólks, lög um ráðningu starfsfólks og slysatryggingar. Farið yfir launaútreikninga og launatengd gjöld | |
| 21 til 25 nóv. | Farið yfir grunnatriði gæðastjórnunar, verkskipulag. Farið yfir nokkrar námsleiðir sem nemendur geta farið í að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina á framhalds- og háskólastigi. | |
| 28 til 06 des | Upprifjun – lok áfangans | |
| | | |